

fyrirmælum settum samkvæmt þeim, enda séu að öðru leyti gætt ákvæða þessarar reglugerðar um endursendingu, eyðileggingu, skemmdir, rýrnun eða vöntun, sbr. einnig 7. mgr. 20. gr. virðisaukaskattslaga.

Tollstjóra er heimilt að endurgreiða öðrum aðilum en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar virðisaukaskatt vegna vara sem þeir hafa sjálfir flutt inn, og þeir hafa greitt virðisaukaskatt af við tollafgreiðslu varanna, enda sé að öðru leyti gætt ákvæða reglugerðar þessarar.

Beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts á innfluttri vöru samkvæmt reglugerð þessari jafngildir yfirlýsingu umsækjanda um að upphaflegum viðskiptum með vöruna sé lokið. Hafi vara því fengið tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari en síðan verði send eða seld sama eða öðrum aðila hér á landi að nýju eða ný vara verði send í hennar stað telst það ekki endursending vörunnar í skilningi 5. eða 6. gr. tollalaga nr. 55/1987 og ber að taka vöruna að nýju til tollmeðferðar og greiða af henni aðflutningsgjöld með venjulegum hætti, þ.m.t. virðisaukaskattur.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1990,

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 47/1984, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endurseldar eru til útlanda.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Að því leyti sem ekki er ákveðið annað í reglugerð þessari, m.a. um tollskoðun, tryggingar og endurgreiðslu virðisaukaskatts, skulu fyrirmæli í reglugerð nr. 463/1984, um lækkun, niðurfellingu, endurgreiðslu vegna endursendingar, eyðilegginga, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, gilda um tollmeðferð endurseldra vara.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1990,

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.